

Athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla

Kennaradeild Háskólans á Akureyri og Miðstöð skólaþróunar við HA gera eftirfarandi athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um breytingar á aðalnámskrá grunnskóla (154 löggjafarþing 2023–2024, þingskjal 87).

Tillagan sem um ræðir hefur tvisvar áður verið lögð fyrir þingið og ekki hlotið brautargengi enda margt við hana að athuga. Það vekur furðu okkar að flutningsmenn hennar hafi ekki tekið neitt tillit til þeirra athugasemda sem áður hafa komið fram og kjósi að leggja hana fram aftur óbreytta.

Við einstaka liði tillögunnar gerum við eftirfarandi athugasemdir, sem flestar hafa komið fram áður:

- A. Sú hugmynd að binda í aðalnámskrá hvaða aðferðir skuli notaðar í lestrarkennslu er grundvallarstefnubreyting í menntamállum á Íslandi. Fram til þessa hefur aðalnámskrá lagt línur um áherslur í námi og markmið sem stefnt skuli að en kennurum og skólum hefur verið treyst fyrir því að velja leiðir til að ná settum markmiðum aðalnámskrár. Stefnubreyting sem þessi er vantraustsyfirlýsing á skóla og kennara og gerir lítið úr fagmennsku stéttarinnar.

Flutningsmenn tillögunnar virðast ganga út frá því að hægt sé að bæta árangur í lesskilningi í PISA með því að nota *bókstafa-hljóðaaðferð* við lestrarkennslu í yngstu bekkjum grunnskóla. Við þá tillögu er margt að athuga. Hér er fyrir það fyrsta óljóst hvaða aðferð það er nákvæmlega sem á að taka upp. Er *bókstafa-hljóðaaðferð* önnur aðferð en þær hljóðaaðferðir sem notaðar hafa verið í íslenskum skólum fram til þessa? Og í hverju liggur munurinn? Hljóðaaðferð var fyrst kynnt á Íslandi fyrir um hundrað árum og er oft kennd við Ísak Jónsson stofnanda Ísaksskóla sem kynntist aðferðinni í Svíþjóð og lagaði hana að íslensku. Aðferðin hefur í áronna rás þróast í höndum skóla og kennara og er ekki útfærð eins í öllum skólum sem leggja aðferðina til grundvallar í skipulagi lestrarkennslu. Munurinn liggur t.d. í því hve hratt stafirnir eru lagðir inn og hvernig er unnið að lestrarþjálfun. Í öllum kennsluaðferðum sem notaðar eru til lestrarkennslu í íslenskum grunnskólum (þær helstu eru: hljóðaaðferð, Byrjendalæsi, Vörður og vegvísir, PALS) er lögð áhersla á vandaða kennslu í sambandi stafa og hljóða þótt nálgunin sé með svoltið mismunandi hætti. Enginn samanburður hefur verið gerður á árangri þessara aðferða og þeirrar bókstafa-hljóðaaðferðar sem lagt er til að tekin verði upp í öllum skólum og því liggur engin staðfesting fyrir á því að sú aðferð sé öðrum betri.

Í öðru lagi eru helstu rök flutningsmanna tillögunnar fyrir því að gera umræddar breytingar á aðalnámskrá slök útkoma á PISA og þörf á að bregðast við og bæta læsiskennslu í íslenskum skólum. Við tökum undir að það er ástæða til að skoða hvernig hægt sé að efla lesskilning íslenskra ungmenna en getum ekki séð að lausnin felist í þeim tillögum sem hér eru lagðar fram. Flutningsmenn tillögunnar hafa ekki lagt fram nein gögn sem styðja að bókstafa-hljóðaaðferð við lestrarkennslu yngstu barnanna hafi bein tengsl við árangur í lesskilningi við 15 ára aldur og því er erfitt að sjá að framgangur þessarar tillögu muni hafa einhver áhrif á árangur á PISA.

Það sem fyrri rannsóknir á þessu sviði hafa hins vegar kennt okkur er að lesskilningur er margþætt færni sem byggir ekki aðeins á lestrarfærni heldur einnig málskilningi, ályktunarhæfni, bakgrunnsþekkingu og fleiri þáttum. Þær úttektir og rannsóknir sem gerðar hafa verið á lestrarkennslu í íslenskum skólum sýna að þeim þætti kennslunnar sem snýr að tæknilegri færni er vel sinnt á yngsta stigi grunnskóla. Á undanförunum árum hefur verið stutt enn frekar við þennan þátt læsiskennslu með samræmdum lesfímiprófum fyrir alla árganga grunnskólans sem flestir skólar nota. Rammi um aðra þætti er hins vegar ekki eins skýr og

læsiskenntla ekki nægilega markviss á mið- og unglingastigi. Við teljum því að það væri vænlegra til árangurs að horfa til þess hvað gerist í læsiskenntlu eftir að nemendur hafa náð grundvallarfærni í umskráningu en á þeim tíma er mikilvægt að unnið sé með lesskilningsaðferðir, eflingu orðaforða, ritun, tjáningu og túlkun. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið í íslenskum skólum benda til þess að nám og kenntla í þessum þáttum sé fremur brotakennt. Niðurstöður nýlegrar samnorraennar rannsóknar á gæðum kenntlu á unglingastigi (QUINT rannsóknin) benda t.d. til þess að vinna með texta sé oft á tíðum fremur lítil og grunn á því stigi í íslenskum skólum. Þá er átt við verkefni þar sem nemendur fást við texta í þeim tilgangi að sækja í þá upplýsingar og þekkingu, rökræða o.þ.h. en slík vinna gegnir mikilvægu hlutverki í því að byggja upp lesskilning.

- B. Taka má undir þá gagnrýni að lögð hafi verið of mikil áhersla á að mæla lesfimi allra nemenda óháð getu undanfarin ár. Hraðapróf eiga sér langa hefð í íslensku skólastarfi enda eru þau skilgetið afkvæmi hljóðaaðferðar og vel til þess fallin að meta umskráningarfærni. Hins vegar má deila um gildi þeirra til að meta læsi barna á mið- og unglingastigi enda þótt flestir lestrarfræðingar séu sammála um að slík próf séu gagnleg til að fylgjast með framförum í lestri í fyrstu bekkjum grunnskóla. Að skipta þeim prófum sem nú eru notuð út fyrir það sem flutningsmenn tillögunnar kalla „stöðumatspróf með bókstafa-hljóðaaðferð“, og vísar eftir því sem næst verður komist til prófs sem notað hefur verið til að meta árangur af þróunarverkefninu *Kveikjum neistann* í Vestmannaeyjum, væri ábyrgðarlaust. Það próf er ekki staðlað og metur einungis þekkingu barnanna á stöfum og hljóðum og hvort þau eru farin að geta tengt saman stafi/hljóð í lestri á einföldum texta. Lesfimi er langt því frá fullþróuð þegar þeirri færni er náð og mikilvægt að geta fylgst með framvindunni áfram. Lesfimiþróf og fleiri matstæki sem skólar nota í dag koma þar að góðum notum. Við tökum hins vegar undir það að þörf er á að gefa út ný matstæki sem ná til annarra þátta læsis svo sem lesskilnings og ritunar. Þegar lesfimiþrófin komu út stóð til að Menntamálastofnun gæfi út heildstætt prófasafn sem næði til allra undirþátta læsis. Tafir hafa hins vegar orðið á því að matstæki til að meta lesskilning og ritun litu dagsins ljós. Þingmenn ættu e.t.v. frekar að beita sér fyrir því að þeirri vinnu verði hraðað því aðgangur að góðum matstækjum er mikilvægur fyrir gæði skólastarfs og það hvað er mælt hefur líka áhrif á það á hvað er lögð áhersla í kenntlunni.
- C. Varðandi þriðja lið tillögunnar, þ.e. að tryggja að allir nemendur fái áskoranir við hæfi, þá hefur Ísland í áratugi fylgt stefnu um skóla fyrir alla þar sem leitast er við að koma til móts við náms- og félagsþarfir allra nemenda. Þessi liður tillögunnar sýnir því að flutningsmenn hennar hafa ekki kynnt sér vel gildandi skólastefnu, lög og reglugerðir, sem er eðlilegt að gera áður en lögð er fram breytingatillaga sem þessi. Það hefur hins vegar skort á að stjórnendur og starfsfólk skóla hafi fengið þann stuðning sem þörf hefur verið á til þess að framfylgja þessari stefnu svo vel sé.

Í ljósi þess að hér á landi eru starfandi kennaramenntunarstofnanir og aðrar stofnanir á vegum ríkis og sveitarfélaga þar sem starfa sérfræðingar og fræðafólk í læsi vekur það furðu að ekki er ætlunin að leita til þeirra varðandi ráðgjöf við innleiðingu breytinganna. Með því er verið að lýsa vantrausti á þær stofnanir og það fræðafólk sem þar starfar.

Við sem hér skrifum undir leggjumst eindregið gegn þeirri þingsályktunartillögu sem hér er lögð fram.

Alda Stefánsdóttir, verkefnastjóri fagháskólanáms

Anna Elísa Hreiðarsdóttir, lektor

Dr. Anna Ólafsdóttir, dósent

Anna Sigrún Rafnsdóttir, sérfræðingur við MSHA

Dr. Bergljót Þrastardóttir, lektor

Dr. Birna María B. Svanbjörnsdóttir, dósent

Bragi Guðmundsson, prófessor

Dr. Brynhildur Bjarnadóttir, dósent

Brynhildur Þórarinsdóttir, dósent

Eydís Einarsdóttir, verkefnastjóri

Dr. Finnur Friðriksson, dósent

Dr. Garðar Ágúst Árnason, prófessor

Guðmundur Engilbertsson, lektor

Gunnar Gíslason, forstöðumaður MSHA

Dr. Hermína Gunnþórsdóttir, prófessor

Íris Hrönn Kristinsdóttir, sérfræðingur við MSHA

Dr. Ívar Rafn Jónsson, lektor

Jenný Gunnbjörnsdóttir, sérfræðingur við MSHA

Dr. Jórunn Elíadóttir, dósent

Kristín Dýrfjörð, dósent

Dr. Kristín Margrét Jóhannsdóttir, lektor

Dr. Margrét Elísabet Ólafsdóttir, dósent

Dr. Rannveig Oddsdóttir, dósent

Dr. Rúnar Sigþórsson, prófessor emeritus

Sigríður Ingadóttir, sérfræðingur við MSHA

Dr. Sigríður Margrét Sigurðardóttir, dósent

Sólveig Zophoníasdóttir, aðjúnt

Dr. Svava Björg Mörk, lektor

Þorlákur Axel Jónsson, aðjúnt